

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0-9	K/S 27.2.18
Ábmr. <i>[Signature]</i>	Svfr.
Afgr. <i>[Signature]</i>	()Bréf ()St.
Lvm.	Trm.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
 Árnesi
 801 Selfoss



UMHVERFIS- OG
 AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
 sími:545 8600 postur@uar.is
 umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 15. febrúar 2019
 Tilv.: UMH18030085/31-0

Ráðuneytið vísar til erindis Skeiða- og Gnúpverjahrepps, dags. 23. janúar sl. vegna beiðni um undanþágu frá ákvæði 5.3.2.5. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 vegna Réttarholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppisem ráðuneytið synjaði með bréfi dags. 3. janúar sl. Fram kemur í erindinu að á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 23. janúar sl. hafi verið bókað að lagt hafi verið fram bréf frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu er varði Réttarholt 189447 (Sæluvellir). Sveitarstjórn samþykki samhljóða að umræddar lóðir verði skilgreindar sem verslunar- og þjónustulóðir og óski jafnframt eftir samsvarandi breytingu á aðalskipulagi. Með því móti geti byggingarreitir verið í 50 metra fjarlægð frá þjóðvegi.

Ráðuneytið bendir á að samkvæmt 3. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 annast sveitarstjórnir gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Um gerð aðalskipulags og breytingu á aðalskipulagi fer samkvæmt VII. kafla skipulagslaga en þar segir m.a. í 1. mgr. 28. gr. laganna að í aðalskipulagi sé sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Samkvæmt 4. og 5. mgr. 4.1.2. gr. skipulagsreglugerðar skal í aðalskipulagi mörkuð stefna til a.m.k. tólf ára en jafnframt skal gerð grein fyrir samhengi skipulagsáætlunarinnar og einstakra þátta hennar við langtímaþróun sveitarfélagsins. Stefna um landnotkun skal rökstudd með vísun í sett markmið sveitarstjórnar, byggðapróun undanfarinna ára og líklega framvindu sem gera þurfi grein fyrir í skipulaginu. Gera skal grein fyrir forsendum stefnu og hvernig staðið verði að framfylgd hennar í einstökum málaflökkum. Samkvæmt c-lið 2. mgr. 6.2. gr. skipulagsreglugerðar er landnotkunarflokkurinn verslun og þjónusta svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum. Samkvæmt d-lið 5.3.2.5. gr. skipulagsreglugerðar skal ekki utan þéttbýlis staðsetja íbúðir eða frístundahús nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum eða almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi. Aðrar byggingar skal ekki staðsetja nær stofn- og tengivegum og öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi. Heimilt er að víkja frá þessum ákvæðum þegar um er að ræða verslunar- og þjónustubyggingar en gæta skal ákvæða vegalaga um veghelgunarsvæði.

Fyrir hönd ráðherra

[Signature]
 Íris Bjargmundsdóttir